



FOSSAR

# Almennir viðskiptaskilmálar

Gildistaka 5. júní 2026



## Efnisyfirlit

1.	Um skilmálana .....	3
2.	Um Fossa fjárfestingarbanka hf. ....	3
3.	Stofnun viðskipta .....	4
4.	Áreiðanleikakönnun .....	4
5.	Umboð.....	6
6.	Öryggisráðstafanir.....	6
7.	Samskipti við Fossa, miðlun upplýsinga, færslur o.fl.....	6
8.	Gjaldskrá.....	8
9.	Lánaviðskipti .....	8
10.	Erlend viðskipti .....	8
11.	Viðskipti með fjármálagerninga .....	9
12.	Lok viðskipta .....	9
13.	Eftirlitsmyndavélar, hljóðritun símtala og rafræn samskipti.....	10
14.	Persónuvernd .....	11
15.	Trúnaður og óhlutdrægni .....	12
16.	Ábyrgð á tjóni .....	13
17.	Kvartanir og ábendingar.....	13
18.	Gildistaka, lögsaga og breytingar .....	14



## 1. Um skilmálana

- 1.1. Þessir almennu viðskiptaskilmálar (hér eftir „**viðskiptaskilmálarnir**“ eða „**skilmálarnir**“) gilda um öll viðskipti viðskiptavinar og Fossa fjárfestingarbanka hf., kt. 660907-0250 (hér eftir nefndur „**Fossar**“, „**félagið**“ eða „**bankinn**“). Viðskiptaskilmálarnir hafa að geyma almenn ákvæði um réttindi og skyldur bæði viðskiptavinar og bankans.
- 1.2. Sértekir skilmálar kunna að auki að gilda um einstakar tegundir viðskipta við bankann sem ganga þá framur þessum almennu viðskiptaskilmálum. Fossar geta krafist þess að viðskiptavinur samþykki eða undirriti aðra sérteka skilmála eða samninga áður en tiltekin viðskipti eiga sér stað eða þjónusta er veitt. Fossar munu til að mynda ekki veita fjárfestingarráðgjöf eða eignastýringarþjónustu nema fyrir liggir sérstakur samningur um þá þjónustu. Þessir almennu skilmálar skulu þá vera til viðbótar og fyllingar slíkum sértekum skilmálum. Viðskiptavinir bankans skulu kynna sér þær reglur og þá skilmála sem gilda um viðkomandi viðskipti.
- 1.3. Semji viðskiptavinar og bankinn um frávik frá almennum eða sérstökum skilmálum bankans gengur það framur ákvæðum skilmálanna. Umsamin frávik frá almennum eða sértekum skilmálum bankans gilda einungis í viðkomandi viðskiptum milli bankans og viðskiptavinar.
- 1.4. Þessir almennu skilmálar og aðrir sértekir skilmálar eru aðgengilegir á heimasíðu bankans, [www.fossar.is](http://www.fossar.is). Nánari upplýsingar um skilmálana má fá með því að hafa samband í síma 522 4000 eða með því að senda tölvupóst á netfangið [info@fossar.is](mailto:info@fossar.is).
- 1.5. Bankinn áskilur sér rétt til að fela félagi innan samstæðu Skaga hf. kt. 690689-2009 (hér eftir nefnt „**Skagi**“) eða þriðja aðila að sinna þeim verkefnum sem viðskiptavinur felur honum, allt í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni.

## 2. Um Fossa fjárfestingarbanka hf.

- 2.1. Helstu upplýsingar um Fossa

Nafn:	Fossar fjárfestingarbanki hf.
Erlent aukaheiti:	Fossar Investment Bank hf.
Kennitala:	660907-0250
Lögheimili:	Ármúli 3, 108 Reykjavík, Íslandi
Sími:	(+354) 522 4000
Netfang:	<a href="mailto:info@fossar.is">info@fossar.is</a>
Heimasíða:	<a href="http://www.fossar.is">www.fossar.is</a>
LEI númer:	529900T0SDZCXS5QS72
- 2.2. Fossar hafa starfsleyfi sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sem veitt er af fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, og sætir eftirliti þess samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Nánari almennar upplýsingar um Fossa má nálgast á heimasíðu félagsins [www.fossar.is](http://www.fossar.is).
- 2.3. Fossar eru aðili að Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta, sbr. 3. gr. laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, en sjóðurinn tryggir innstæður,



fjármálagerninga og reiðufé með ákveðnum undantekningum. Nánari upplýsingar um sjóðinn og útgreiðslureglur hans má nálgast á vefslóðinni [www.tif.is](http://www.tif.is).

2.4. Fossar eru hluti af samstæðu Skaga.

### 3. Stofnun viðskipta

- 3.1. Viðskiptavinur telst hafa samþykkt skilmálana með bindandi hætti þegar hann óskar eftir eða nýtir sér þjónustu Fossa með einhverjum hætti og/eða í viðskiptum viðskiptavinar við Fossa, sem og aðra skilmála sem tilheyra viðkomandi viðskiptum eða þjónustu.
- 3.2. Viðskiptavinur skal hvenær sem Fossar óska þess, afhenda bankanum hverjar þær upplýsingar sem félagið telur nauðsynlegt að afla. Veiti viðskiptavinur ekki umbeðnar upplýsingar, eða þær eru ófullkomnar eða óljósar, áskilja Fossar sér rétt til að veita ekki umbeðna þjónustu. Viðskiptavinur skal uppfæra framangreindar upplýsingar sem hann veitir Fossum, eftir því sem tilefni er til. Öll samskipti bankans og viðskiptavinar byggja á þeim upplýsingum sem viðskiptavinur veitir bankanum. Allt tjón sem leiða kann af röngum, misvísandi, úreltum eða villandi upplýsingum viðskiptavinar er á hans ábyrgð. Viðskiptavinur skal upplýsa bankann um allar breytingar á upplýsingum sem hann hefur áður veitt án tafar, þar með talið um allar breytingar á raunverulegum eigendum og skattalegri stöðu.
- 3.3. Við umsókn um viðskipti og/eða beiðni um þjónustu safna Fossar ýmsum upplýsingum er varða hagi viðskiptavina, meðal annars til að uppfylla kröfur laga. Við upphaf viðskiptasambands eða einstakra viðskipta skal viðskiptavinur undirgangast áreiðanleikakönnun í samræmi við lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og aðrar reglur, sbr. kafla 4.
- 3.4. Bankanum er heimilt að hafna umsókn einstakra aðila um viðskipti nema lög mæli fyrir um annað. Bankanum ber almennt ekki skylda til að rökstyðja ákvörðun sína um synjun nema að lög mæli svo fyrir.
- 3.5. Samningar og önnur skjöl sem gerð eru eftir rafrænum leiðum, t.d. með fullgildri rafrænni undirskrift, eru jafngild þeim sem gerð eru á pappír. Samþykki viðskiptavinar eða fyrirmæli sem eru send með tölvupósti eða gefin í gegnum símkerfi eða önnur fjarskiptatæki hafa fullt gildi í viðskiptum við bankann.

### 4. Áreiðanleikakönnun

- 4.1. Til að uppfylla ákvæði laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka ber Fossum skylda til að framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptavinum sínum.
- 4.2. Við áreiðanleikakönnun skal viðskiptavinur sanna á sér deili. Einstaklingar skulu sanna á sér deili með fullgildum rafrænum skilríkjum eða viðurkenndum persónuskilríkjum, s.s. vegabréfi, ökuskríteini eða nafnskríteini. Lögaðilar skulu sanna á sér deili með framvísun vottorðs úr fyrirtækjaskrá sem sannar skráningu viðkomandi félags eða með öðrum sambærilegum hætti. Viðskiptavinur skal enn fremur veita tilteknar upplýsingar, svo sem um nafn, kennitölu, heimilisfang, tengiliðaupplýsingar, ríkisfang, skattalega heimilisfesti, stjórn mála tengsl, tilgang viðskipta, hvort viðskipti séu í þágu þriðja aðila, uppruna fjármuna og fleiri upplýsingar sem Fossar kunna að gera kröfu um. Lögaðilum ber að auki að veita upplýsingar um lagalegt



form og um hagaðila á borð við stjórn, framkvæmdastjóra, prókúruhafa, umboðsmenn og raunverulega eigendur. Bankinn kann að fara fram á að hagaðilar félags sanni á sér deili á sama hátt og einstaklingar. Fossar framkvæma sjálfstæða athugun á þeim upplýsingum sem viðskiptavinir veita og getur í því skyni kallað eftir opinberum gögnum frá viðskiptavini. Framangreind upplýsingaöflun fer fram í samræmi við gildandi lög hverju sinni.

- 4.3. Á meðan á viðskiptasambandi viðskiptavinar við bankann stendur sæta viðskipti hans reglubundnu eftirliti í því skyni að kanna hvort þau samrýmist þeim upplýsingum sem veittar voru um viðskiptavin og starfsemi hans er viðskiptasambandið hófst og samrýmast lögum og reglum hverju sinni. Viðskiptavinur skal að eigin frumkvæði upplýsa um allar breytingar á áður veittum upplýsingum. Hann skal enn fremur staðfesta veittar upplýsingar eða veita uppfærðar upplýsingar óski bankinn eftir því.
- 4.4. Fossar áskilja sér rétt til að krefjast frekari gagna um viðskiptavin, tilgang viðskiptasambands og þá fjármuni sem hann hyggst vera með í vörslu hjá Fossum eða stunda viðskipti með við Fossa. Veiti viðskiptavinur ekki þær upplýsingar sem bankinn telur nauðsynlegar áskilur hann sér rétt til að hafna því að stofna til viðskipta, veita fjárfestingarþjónustu eða halda slíkum viðskiptum/þjónustu áfram, svo sem með frystingu eða lokun reikninga viðskiptavinar hjá Fossum. Slíkt kann jafnframt að leiða til annarra takmarkana á viðskiptasambandi eða uppsögn þess, án frekari fyrirvara. Fossar áskilja sér enn fremur rétt til að neita um viðskipti eða segja upp viðskiptasambandi við aðila telji bankinn vera hættu á að viðskiptasambandið tengist peningaþvætti og/eða fjármögnun hryðjuverka, t.a.m. með hliðsjón af áhættumati, vegna alþjóðlegra þvingunaraðgerða eða annarra atriða. Fossum ber lagaskylda að tilkynna til lögreglu grun um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka og ber bankanum að veita allar nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við slíka tilkynningu. Bankinn áskilur sér allan rétt til að synja afgreiðslu án fyrirvara ef fyrir hendi er grunur um að fyrirhuguð viðskipti tengist ólögumætri háttsemi, og Fossar bera ekki ábyrgð á tjóni sem af því gæti hlotist.
- 4.5. Fossar varðveita afrit af persónuupplýsingum, opinberum gögnum og öðrum upplýsingum um viðskiptavin í samræmi við gildandi lög hverju sinni. Fossum ber að varðveita ýmsar upplýsingar sem bankinn aflar frá viðskiptavinum að lágmarki í fimm ár frá því að viðskiptasambandi lýkur eða einstök viðskipti hafa átt sér stað.
- 4.6. Með samþykki skilmála þessara staðfestir viðskiptavinur að þeir fjármunir sem hann afhendir Fossum eru í hans eigu nema annað hafi sérstaklega verið tekið fram og samþykkt af Fossum. Óski hann eftir, við stofnun viðskipta eða síðar, að leggja fram fjármuni í eigu annarra skal hann tilkynna Fossum um slíkt skriflega og geta Fossar þá krafist allra nauðsynlegra gagna í því sambandi. Hið sama gildir ef breytingar verða á þeim upplýsingum eða gögnum sem viðskiptavinur afhendir Fossum samkvæmt framanrituðu. Viðskiptavinur lýsir því enn fremur yfir að hann er heimilisfastur í skattalegum skilningi í því landi sem tilgreint er í samningi viðskiptavinar við bankann og að hann uppfylli nauðsynleg skilyrði til að falla undir ákvæði tvísköttunarsamnings (sé slíkur samningur fyrir hendi) milli þess lands þar sem hann er heimilisfastur og þess lands þar sem hann fjárfestir fyrir milligöngu Fossa. Viðskiptavinur skuldbindur sig hér með til að tilkynna Fossum tafarlaust um allar breytingar á raunverulegu eignarhaldi og skattalegri stöðu.



## 5. Umboð

- 5.1. Viðskiptavininn er heimilt að veita öðrum aðila umboð til að eiga viðskipti og/eða afla upplýsinga hjá Fossum vegna viðskipta sinna við bankann. Umboð sem viðskiptavininn veita þriðja aðila skulu vera skrifleg, dagsett og undirrituð. Umboð skal vottað af tveimur vottum eða lögbókanda, löggiltum fasteignasala, lögmanni eða undirritað með fullgildum rafrænum skilríkjum. Sé umboðsmanni ekki veitt fullt og ótakmarkað umboð skal tilgreina nákvæmlega hvaða heimildir umboðsmaður hefur til að taka ákvarðanir fyrir hönd umboðanda. Uppfylli umboðið ekki kröfur bankans eða laga um skýrleika og vottun mun bankinn synja umboðsmanni um viðskipti á grundvelli umboðsins.
- 5.2. Sé viðskiptavinur lögaðili getur bankinn óskað eftir staðfestingu á heimildum og/eða umboði viðkomandi til að skuldbinda lögaðilann.
- 5.3. Breytingar á eða afturköllun veitts umboðs skal gerð skriflega og tilkynnt bankanum með sannanlegum hætti. Slíkar breytingar eða afturkallanir taka gildi þegar bankinn hefur veitt þeim móttöku. Enn fremur skuldbindur viðskiptavinur sig, sé hann lögaðili, til að tilkynna Fossum þegar í stað ef breytt er um firmaritun, framkvæmdastjórn og/eða prókúruhafa og ef einhverjar breytingar verða á starfsemi lögaðila sem geta haft áhrif á samninga milli aðila.

## 6. Öryggisráðstafanir

- 6.1. Viðskiptavininn kunna að þurfa að nota rafræna auðkenningu (svo sem rafræn skilríki) og/eða leyninúmer til að framkvæma tiltekin viðskipti eða skrá sig inn á verðbréfavef Fossa sem er aðgengilegur á heimasíðu Fossa. Viðskiptavinur skal varðveita allar öryggisupplýsingar með trygguðum hætti svo þær berist ekki í hendur óviðkomandi aðila eða séu aðgengilegar öðrum, og ber ábyrgð á og er bundinn af öllum aðgerðum sem framkvæmdar eru með rafrænni auðkenningu og/eða leyninúmeri.
- 6.2. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að bregðast samstundis við með fullnægjandi hætti, og tilkynna bankanum án tafar, ef grunur leikur á að óviðkomandi aðili hafi fengið vitneskju um öryggisupplýsingar viðskiptavinar. Viðskiptavinur ber ábyrgð á öllu tjóni sem Fossar kunna að verða fyrir vegna vanrækslu hans við meðhöndlun öryggisupplýsinga.
- 6.3. Fossar áskilja sér rétt til að loka á notkun auðkenningarleiðar ef grunur leikur á misnotkun eða villuhættu.

## 7. Samskipti við Fossa, miðlun upplýsinga, færslur o.fl.

- 7.1. Almennt fara samskipti bankans við viðskiptavininn fram á íslensku nema annað sé tekið fram eða leiði af eðli máls. Komi upp ágreiningur um túlkun skjala bankans á öðru tungumáli en íslensku skal íslenska útgáfan liggja til grundvallar við túlkun og skýringu vafaatriða.
- 7.2. Viðskiptavinur samþykkir að Fossum sé heimilt að afhenda viðskiptavininn öll skjöl og yfirlit á rafrænu formi eða öðrum varanlegum miðlum, svo sem á verðbréfavef, á uppgengið netfang viðskiptavinar eða eftir atvikum á heimasíðu bankans. Þetta á við um aðrar upplýsingar og tilkynningar, s.s. vegna breytinga á skilmálum eða gjaldskrá.
- 7.3. Reikningsyfirlit eru aðgengileg viðskiptavininn á verðbréfavef Fossa. Fossar skulu hlutast til um að viðskiptavininn séu send yfirlit að minnsta kosti ársfjórðungslega, hafi hann ekki aðgang að



verðbréfavef, nema lög eða reglur kveði á um frekari upplýsingagjöf. Viðskiptavinir geta fengið slík yfirlit send oftart gegn gjaldi. Fossar senda slíka tilkynningu á varanlegum miðli, nema óskað sé eftir að fá hana senda með bréfpósti. Viðskiptavinur getur beint slíkum beiðnum á [info@fossar.is](mailto:info@fossar.is).

- 7.3.1. Hafi viðskiptavinur ekki gert skriflegar athugasemdir við viðskiptanótu eða yfirlit innan tveggja (2) daga frá dagsetningu þeirra líta Fossar svo á að þau hafi að geyma réttar upplýsingar, nema um augljósar villur sé að ræða. Komi villur í ljós skulu þær leiðréttar og tilkynning send þess efnis.
  - 7.3.2. Viðskiptavinur skal yfirfara yfirlit yfir reikninga sína vel og kanna hvort færslur séu réttar. Viðskiptavinur skal hafa samband við bankann svo fljótt sem auðið er komi í ljós færslur á reikningi hans sem hann hefur ekki gefið viðskiptafyrirmæli fyrir eða heimilað á annan hátt. Viðskiptavinur ber sjálfur ábyrgð á tjóni sínu vegna færslna sem hann hefur ekki fyrirskipað eða heimilað sjálfur nema slíkar færslur séu tilkomnar vegna sagnæmrar háttsemi bankans.
  - 7.3.3. Mistök af hálfu viðskiptavinar sem leiða til þess að Fossar greiða inn á rangan reikning verða ekki leiðrétt af bankanum án samþykkis móttakanda greiðslu en slík mistök eru á ábyrgð viðskiptavinar. Fossum er skylt að endurgreiða viðskiptavini þær fjárhæðir sem bankinn tekur sannanlega ranglega út af reikningum hans.
- 7.4. Samskipti viðskiptavinar og bankans geta farið fram í aðsetri Fossa, í gegnum síma, bréflaga og í gegnum rafrænar leiðir. Bankinn getur þá krafðið viðskiptavin um allar nauðsynlegar upplýsingar í hverju tilfalli til að sanna deili hans og að hann hafi heimildir til umbeðinna viðskipta eða fyrirmæla, s.s. með því að krefja um leyniorð á reikninga eða að viðskiptavinur auðkenni sig með öðrum hætti, t.d. með notkun rafrænna auðkenna. Undirritanir viðskiptavina sem framkvæmdar eru með rafrænu auðkenni hafa fullt gildi í viðskiptum við bankann.
  - 7.5. Fossar áskilja sér rétt til að hafa samband við viðskiptavini í viðskiptalegum tilgangi, svo sem til að upplýsa viðskiptavin um breytingar á þjónustu viðkomandi, fá upplýsingar um virkni og gæði þjónustu og upplifun viðskiptavinar af þjónustu Fossa.
  - 7.6. Fossar áskilja sér rétt til að senda þjónustukönnun á skráð netfang viðskiptavinar, eftir að viðskiptavinur hefur leitað til Fossa t.d. með símtali eða tölvupósti.
  - 7.7. Viðskiptavinur getur breytt samskiptaupplýsingum og öðrum stillingum á verðbréfavef Fossa. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að samskiptaupplýsingar séu ávallt réttar á verðbréfavef Fossa.
  - 7.8. Viðskiptavinur getur veitt Fossum samþykki fyrir miðlun persónuupplýsinga til annarra félaga innan samstæðu Skaga í markaðslegum tilgangi. Slíkt samþykki er valkvætt og hefur engin áhrif á önnur viðskipti við bankann. Viðskiptavinir geta hvenær sem er afturkallað samþykki sitt á einfaldan hátt, meðal annars á heimasíðu Fossa, [www.fossar.is](http://www.fossar.is), eða með því að hafa samband við bankann á annan hátt. Ef vinnsla persónuupplýsinga í markaðslegum tilgangi byggir á lögmætum hagsmunum, eiga viðskiptavinir rétt á að andmæla móttöku markaðsskilaboða hvenær sem er, meðal annars með því að smella á afskráningarhlekk í tölvupóstum frá Fossum eða með því að hafa samband við bankann.



## 8. Gjaldskrá

- 8.1. Viðskiptavinur skal greiða þóknunir og önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá Fossa eins og hún er á hverjum tíma og/eða eins og sérstaklega er um samið milli aðila. Gjaldskrána má nálgast á heimasíðu Fossa. Upplýsingar um öll gjöld og þóknunir Fossa vegna þeirrar þjónustu sem í boði er má finna í kostnaðarhandbók Fossa sem birt er á heimasíðu Fossa, [www.fossar.is](http://www.fossar.is). Viðskiptavinur staðfestir að hann hefur kynnt sér gjaldskrá Fossa og kostnaðarhandbókina áður en hann þiggur þjónustu og/eða á í viðskiptum við Fossa.
- 8.2. Sé kveðið á um gjaldtöku í öðrum skilmálum eða samningum sem bankinn gerir við viðskiptavin sinn skulu þeir skilmálar gilda framar gjaldskrá bankans ef ósamræmi er þar á milli.
- 8.3. Ef viðskiptavinur skuldar Fossum kostnað, gjöld eða þóknunir, hvaða nafni sem nefnist, er Fossum heimilt að skuldfæra reikning viðskiptavinar hjá bankanum.
- 8.4. Bankanum er heimilt að breyta gjaldskránni án fyrirvara. Breytingar eru kynntar í gjaldskrá á heimasíðu bankans, [www.fossar.is](http://www.fossar.is).

## 9. Lánaviðskipti

- 9.1. Með því að leggja fram beiðni um lánviðskipti veitir viðskiptavinur Fossum heimild til að afla yfirlits yfir skuldbindingar hans hjá öðrum fjármálafyrirtækjum og annarra nauðsynlegra gagna úr opinberum skráum og frá einkaaðilum. Viðskiptavini ber að afhenda Fossum önnur gögn sem bankinn kann að krefjast hverju sinni vegna slíkrar þjónustu. Viðskiptavinur veitir Fossum heimild til að framkvæma lánshæfismat og/eða greiðslumat á grundvelli þeirra upplýsinga sem bankinn aflar eða býr yfir hverju sinni. Viðskiptavinur veitir bankanum jafnframt heimild til að framkvæma áhættumat vegna lánviðskipta á grundvelli þeirra upplýsinga og gagna sem er aflað. Þegar um sameiginlegar eða gagnkvæmar skuldbindingar er að ræða getur bankinn óskað eftir sömu heimildum frá aðilum tengdum lántaka, eins og við á hverju sinni.
- 9.2. Fossar kanna reglulega hvort þörf sé á því að óska eftir eða auka við tryggingar vegna lána eða ábyrgða sem þegar hafa verið veittar. Fossar áskilja sér rétt til að kalla eftir frekari tryggingum ef bankinn telur þörf á. Fossum ber ekki skylda til að rökstyðja ákvörðun sína að kalla eftir frekari tryggingum. Leggi viðskiptavinur ekki fram frekari tryggingar í kjölfar þess að Fossar kalla eftir þeim er bankanum heimilt að gjaldfella lán og grípa til hverra þeirra ráðstafana sem bankinn telur til þess fallnar að forða vanskilum.

## 10. Erlend viðskipti

- 10.1. Fossar bera ekki ábyrgð á tjóni sem kann að leiða af vali viðskiptavinar á erlendum viðskiptaaðila og áreiðanleika hans í tengslum við milligöngu Fossa um viðskipti utan Íslands, þ.m.t. vegna millifærslu gjaldeyris. Sama gildir um mistök eða vanrækslu af hálfu erlendra fjármálafyrirtækja. Við milligöngu Fossa í slíkum viðskiptum er bankanum heimilt að velja þá fjármálastofnun sem honum hentar hverju sinni í viðkomandi ríki ef ekki er samið um annað sérstaklega.



- 10.2. Gengi á millibankamarkaði með gjaldeyri, eða það gengi sem bankinn ákveður hverju sinni, gildir í öllum viðskiptum með erlenda mynt nema um annað sé sérstaklega samið. Eðli viðskipta ræður því hvort notast er við stundargengi, lokagengi eða sérstakt gengi sem er ákveðið af bankanum.
- 10.3. Viðskiptavinur ber alla áhættu og kostnað sem hlotist getur vegna gengismunar.

## 11. Viðskipti með fjármálagerninga

- 11.1. Óski viðskiptavinur eftir eða þiggur fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu, eins og þau hugtök eru skilgreind í lögum, samþykkir viðskiptavinur viðskiptaskilmála bankans um fjárfestingarþjónustu. Áður en slík þjónusta er veitt flokka Fossar viðskiptavin sem almennan fjárfesti, fagfjárfesti eða viðurkenndan gagnaðila til samræmis við lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og innri reglur Fossa um flokkun viðskiptavina. Fjárfestavernd viðskiptavina, þar með talið upplýsingagjöf og mat á þekkingu og reynslu, ræðst af flokkun viðskiptavinar og njóta almennir fjárfestar ríkustu verndar. Bankinn upplýsir viðskiptavini sína í hvaða flokk þeir falla að mati bankans en viðskiptavinir hans geta óskað eftir því að falla í annan flokk.
- 11.2. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 115/2021 heldur bankinn skrár yfir alla þjónustu sem bankinn veitir og öll viðskipti sem hann hefur milligöngu um á sviði viðskipta með fjármálagerninga. Þá ber bankanum að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um öll viðskipti sem bankinn framkvæmir með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.
- 11.3. Fossar hafa gefið út viðskiptaskilmála fjárfestingarþjónustu og vísast til þeirra um efni þessa kafla. Þeir gilda um réttarsamband bankans og viðskiptavina þegar viðskiptavinur nýtur þjónustu bankans í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga nema um annað sé sérstaklega samið. Skilmálarnir eru birtir á heimasíðu Fossa ([www.fossar.is](http://www.fossar.is)).
- 11.4. Viðskipti með fjármálagerninga geta falið í sér mikla áhættu. Verðbreytingar í fortíð gefa ekki endilega vísbendingu um verðbreytingar í framtíð. Yfirlit yfir áhættu sem fylgir þeirri fjárfestingarþjónustu og fjármálagerningum sem viðskiptavinum Fossa stendur til boða er að finna á heimasíðu Fossa. Viðskiptavinur skal, með fullnægjandi hætti, hafa kynnt sér þá áhættu sem fylgir þeirri fjárfestingarþjónustu sem hann óskar eftir að Fossar framkvæmi fyrir sig og/eða fyrir sína hönd og gera Fossar ráð fyrir því að viðskiptavinur kynni sér áhættu og eðli þeirra fjármálagerninga sem um ræðir áður en stofnað er til viðskipta.

## 12. Lok viðskipta

- 12.1. Viðskiptavini og bankanum er heimilt að segja upp viðskiptasambandi sínu án fyrirvara nema annað sé ákveðið með lögum eða samningi. Uppsögn skal tilkynnt með sannanlegum hætti. Skilmálar um einstaka þjónustuþætti geta jafnframt falið í sér aðra uppsagnarfresti en hér eru tilgreindir.
- 12.2. Óháð því hvort sérstaklega hafi verið samið um tilhögun uppsagnar á viðskiptasambandinu, áskilja Fossar sér rétt til að binda enda á alla þjónustuþætti, að fullu eða að hluta, án fyrirvara og sérstakrar tilkynningar, ef viðskiptavinur verður uppvís að því að brjóta lög, reglur eða skilmála bankans eða aðrar reglur sem gilda um viðskipti við bankann, ef viðskiptavinur eða þriðji aðili verður uppvís að því að misnota þjónustu og/eða vörur bankans, ef viðskiptin teljast



að mati bankans fela í sér hættu á peningaþvætti og/eða fjármögnun hryðjuverka eða upplýsingagjöf viðskiptavinar vegna áreiðanleikakönnunar er ófullnægjandi, ef viðskiptasambandið getur að mati bankans skaðað orðspor hans, ef viðskiptavinur fær heimild til endurskipulagningar, skiptingar, samruna, ef bú viðskiptavinar er tekið til gjaldþrotaskipta, ef andlát ber að garði eða ef bankinn telur viðskiptasambandið ósamrýmanlegt áhættuvilja bankans. Viðskiptavinur skal gera Fossum viðvart ef framangreindar aðstæður koma upp, eins og við á.

- 12.3. Við uppsögn viðskiptasambands gjaldfalla allar skuldbindingar viðskiptavinar gagnvart Fossum. Bankinn ráðstafar fjármunum og fjármálagerningum viðskiptavinar í samræmi við óskir viðskiptavinar sem skulu settar fram með sannanlegum hætti. Berist ekki slíkar óskir áskilja Fosssar sér rétt til að annast vörslu fjármuna og fjármálagerninga í samræmi við viðskiptaskilmála fjárfestingarþjónustu á þeim kjörum sem greinir í gildandi gjaldskrá bankans á hverjum tíma.
- 12.4. Fjármálagerningar og aðrar eignir viðskiptavinar í vörslu Fossa skulu afhentar á dagsetningu uppsagnar nema annað sé ákveðið með lögum eða samningi. Veiti viðskiptavinur bankanum ófullnægjandi upplýsingar svo Fosssar geti ekki afhent eignirnar hefur bankinn heimild til að hafa eignirnar í sinni umsjá fyrir hönd viðskiptavinar og á hans kostnað.
- 12.5. Viðskiptavinur hefur að jafnaði rétt til að falla frá fjarsölusamningi án greiðslu og án þess að tilgreina nokkra ástæðu enda sendi hann tilkynningu þar að lútandi til Fossa innan 14 daga frá þeim degi er fjarsölusamningur var gerður. Ákvæði laga nr. 33/2005 um fjarsölu á fjármálaþjónustu gilda um réttindi og skyldur viðskiptavinar og bankans við gerð og framkvæmd fjarsölusamninga.
- 12.6. Bankinn hefur heimild til að loka innstæðulausum reikningi sem staðið hefur óhreyfður yfir fjögur áramót fyrirvaralaust og án tilkynningar.
- 12.7. Ef viðskiptavinur skuldar Fossum kostnað, gjöld eða þóknanir við lok viðskiptasambands er bankanum heimild að skuldfæra reikning viðskiptavinar í samræmi við grein 8.3.
- 12.8. Hafi viðskiptavinur ekki sinnt upplýsingaskyldu um aðsetur, símanúmer eða netfang fer uppsögn fram án tilkynningar.

### **13. Eftirlitsmyndavélar, hljóðritun símtala og rafræn samskipti**

- 13.1. Fosssar nýta stafrænar myndavélar til eftirlits á starfsstöðum sínum. Bankanum er heimilt að nýta sér upptökurnar komi upp ágreiningur á milli aðila eða til að rannsaka mögulega saknæma og/eða refsiverða háttsemi starfsmanna eða viðskiptavina bankans. Um notkun eftirlitsmyndavélanna fer eftir ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og persónuverndarstefnu bankans, sem er aðgengileg á heimasíðu hans. Skoðun og afhending upptaka er aðeins heimil ákvæðnum starfsmönnum bankans og yfirvaldi, s.s. lögreglu og sýslumannsembættum.
- 13.2. Fosssar áskilja sér rétt til að hljóðrita öll símtöl til að geta sannreynt efni þeirra og framfylgt lögum. Bankinn ábyrgist ekki að öll símtöl séu hljóðrituð. Upptaka símtala er gerð í samræmi við 91. gr. laga nr. 70/2022 um fjarskipti og eftir atvikum 23. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Upptaka símtals og frekari úrvinnsla felur í sér vinnslu persónuupplýsinga, að því gefnu að unnt sé að persónugreina viðkomandi einstaklinga.



Byggir vinnslan á lagaskyldu og fer um hana að öðru leyti eftir lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og persónuverndarstefnu Fossa. Skoðun og afhending upptaka er aðeins heimil ákveðnum starfsmönnum bankans og yfirvöldum, s.s. lögreglu og eftirlitsstofnunum.

- 13.3. Allir tölvupóstar og önnur rafræn samskipti sem bankinn og starfsmenn hans móttaka og senda í tengslum við störf sín eru varðveitt í samræmi við lög og reglur hverju sinni. Sama gildir um fundargerðir eða minnisþykki sem starfsmenn rita vegna samskipta við viðskiptavinum augliti til auglits.
- 13.4. Fossum ber lagaskylda samkvæmt lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga að varðveita öll samskipti sem leiða eða kunna að leiða til viðskipta fyrir eigin reikning eða móttöku, miðlunar eða framkvæmdar fyrir mæla viðskiptavinar, sama á hvaða formi þau kunna að eiga sér stað. Viðskiptavinur staðfestir með samþykki skilmála þessara að honum er ótvírætt kunnugt um að slíkt kunni að vera gert.
- 13.5. Upptökurnar og skrárnar sem getið er um í þessum kafla eru eign Fossa. Bankanum er óheimilt að afhenda afrit af eftirlitsupptökum, tölvupóstum og öðrum rafrænum samskiptum og hljóðrituðum símtölum nema samkvæmt sérstakri lagaheimild eða úrskurði dómara. Með staðfestingu sinni á skilmálum þessum samþykkir viðskiptavinur að upptök og skrár kunni að vera lagðar fram í dómsmáli og/eða notaðar í öðrum tilvikum þegar bankinn telur slíkt vera nauðsynlegt, svo sem þegar ágreiningur rís um forsendur og/eða framkvæmd viðskipta eða ef þess er krafist af eftirlitsaðilum. Að öðru leyti skulu Fossar fara með upptök líkt og með aðrar upplýsingar er lúta þagnarskyldu, sbr. ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
- 13.6. Upptök og önnur gögn sem varða veitingu fjárfestingarþjónustu eru varðveitt af Fossum í þann tíma sem lög kveða á um, eða allt að sjö ár, en er almennt eytt að þeim tíma liðnum.

## 14. Persónuvernd

- 14.1. Fossum er nauðsynlegt og ber lagaskylda til að vinna persónuupplýsingar um viðskiptavinum sína til að gegna hlutverki sínu sem fjármálafyrirtæki og tryggja öryggi í fjármálaþjónustu. Fossar bera almennt ábyrgð á vinnslu og meðferð persónuupplýsinga. Þær upplýsingar sem um ræðir eru m.a. nafn, kennitala, heimilisfang og upplýsingar um einstök viðskipti viðskiptavinar.
- 14.2. Með því að samþykkja skilmála þessa lýsir viðskiptavinur því yfir að hann hafi kynnt sér og samþykkt persónuverndarstefnu Fossa, og að hann heimili Fossum að vinna persónuupplýsingar um sig. Við vinnslu persónuupplýsinga er aðgangur takmarkaður við þá starfsmenn Fossa sem hann þurfa starfs síns vegna, en þó er bankanum heimilt að miðla upplýsingum við tiltekna aðstæður, þar á meðal til Íslenskra verðbréfa hf. samkvæmt grein 15.3, eftir því sem nauðsynlegt er til að veita viðskiptavinum umsamda þjónustu.
- 14.3. Viðskiptavinur á samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga rétt á vitneskju um þær persónuupplýsingar sem unnið er með eða hefur verið unnið með hjá Fossum. Einnig á hann rétt á að rangar eða villandi persónuupplýsingar séu leiðréttar eða að þeim sé eytt.



## 15. Trúnaður og óhlutdrægni

- 15.1. Starfsmenn Fossa eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptavina bankans og atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara með samkvæmt 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Fossum ber því að gæta fyllsta trúnaðar gagnvart viðskiptavini um öll viðskipti hans við Fossa og önnur atriði er varða hann og leynt á að fara samkvæmt lögum og eðli máls. Bankinn getur hins vegar gefið upplýsingar um viðskiptavini sína þegar þeir sjálfir óska þess eða hafa veitt samþykki fyrir slíku. Þá getur bankanum verið skylt samkvæmt lögum að veita opinberum aðilum slíkar upplýsingar undir ákveðnum kringumstæðum, þar með talið þegar dómari úrskurðar að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi.
- 15.2. Fossum er heimilt að selja hverjar þær kröfur sem bankinn eignast á hendur viðskiptavini. Með lántöku hjá Fossum samþykkir viðskiptavinur að bankanum sé heimilt að miðla þeim upplýsingum sem um getur í 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, og varða lántöku hjá Fossum, til aðila í samstæðu Skaga eða þriðja aðila. Samþykki viðskiptavinar á skilmálum þessum skal skoðast sem skriflegt samþykki viðskiptavinar um miðlun upplýsinga, skv. 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Umræddum upplýsingum verður aðeins miðlað í þeim tilgangi að selja kröfur Fossa eða greiðsluflæði þeirra, svo sem til sjóða um sameiginlega fjárfestingu og lífeyrissjóða.
- 15.3. Þegar viðskiptavinur nýtur þjónustu sem veitt er sameiginlega af Fossum og Íslenskum verðbréfum hf. er nauðsynlegt að félögin miðli sín á milli þeim upplýsingum um viðskiptavin sem þarf til að veita umsamda þjónustu, þar á meðal upplýsingum sem kunna að falla undir bankaleynd. Með samþykki skilmála þessara veitir viðskiptavinur Fossum og Íslenskum verðbréfum hf. heimild til slíkrar miðlunar á milli félaganna. Slík miðlun fer ávallt fram í samræmi við ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki um bankaleynd og laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem og persónuverndarstefnur félaganna.
- 15.4. Fossar kunna að vera skyldugir að lögum að birta upplýsingar um fyrirmæli viðskiptavinar, framkvæmd þeirra, tengd viðskipti eða stöðu viðskiptavinar til viðeigandi yfirvalda eða annarra aðila (í sumum tilvikum opinberlega). Með samþykki á skilmálum þessum samþykkir viðskiptavinur slíka birtingu. Sömu leiðis staðfestir viðskiptavinur og samþykkir að vera sjálfur ábyrgur fyrir að tryggja að hann fylgi öllum skyldum sem eiga við um hann samkvæmt viðeigandi lögum og reglum sem varða birtingu upplýsinga um fyrirmæli hans, framkvæmd þeirra, tengd viðskipti og stöðu viðskiptavinar. Fossar munu ekki að eigin frumkvæði birta upplýsingar um viðkomandi viðskipti sem viðskiptavini ber lögum samkvæmt að birta. Samkvæmt reglum ýmissa ríkja getur Fossum verið skylt, að viðlagðri refsíabyrgð og/eða missis atkvæðisréttar, að upplýsa um raunverulega eigendur hlutabréfa í almenningshlutafélögum hvort sem flöggunarmörkum er náð eða ekki. Óski viðskiptavinur eftir að eiga viðskipti á slíkum mörkuðum felst í slíkri beiðni jafnframt heimild til handa Fossum og vörsluaðilum hans til að upplýsa viðkomandi kauphöll eða hlutaskrá um eignarhaldið.
- 15.5. Viðskiptavini er ljóst að Fossum er skylt að gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptavini í starfsemi sinni lögum samkvæmt og ber ávallt að haga störfum sínum þannig að viðskiptavinur njóti jafnræðis í viðskiptum varðandi öll atriði er máli skipta eins og fram kemur



í reglum Fossa um ráðstafanir gegn hagsmunaaðrekstrum. Reglurnar má nálgast á heimasíðu Fossa ([www.fossar.is](http://www.fossar.is)).

## 16. Ábyrgð á tjóni

- 16.1. Fossar bera aðeins ábyrgð á tjóni viðskiptavinar sem leiðir af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi starfsmanna bankans við framkvæmd starfa þeirra, nema lög eða samningar kveði á um annað.
- 16.2. Fossar bera ekki ábyrgð á tjóni sem orsakast af:
  - 16.2.1. rangri, villandi, misvísandi eða ófullnægjandi upplýsingagjöf eða fyrirmælum viðskiptavina,
  - 16.2.2. óviðráðanlegum atvikum, s.s. bilunum, truflunum eða óvirkni fjarskiptabúnaðar, náttúruhamförum, stríði, hryðjuverkum, farsóttum, skemmdarverkum, borgaralegum óeirðum, samskiptum eða tölvuaðstöðu, viðskiptabönnum, verkföllum, lögum og reglum stjórnvalda, samtaka eða stjórnvalda á alþjóðavettvangi og öðrum sambærilegum atvikum sem bankinn gat ekki með réttu séð fyrir og hindrað, eða
  - 16.2.3. lögakveðnum skyldum bankans.
- 16.3. Viðskiptavinir bankans bera ábyrgð á tjóni gagnvart bankanum sem rakið verður til saknæmrar háttsemi af þeirra hálfu.

## 17. Kvartanir og ábendingar

- 17.1. Meðferð kvartana og ábendinga viðskiptavina.
  - 17.1.1. Hafi viðskiptavinir Fossa fram að færa kvartanir eða ábendingar vegna þjónustu eða meintra mistaka bankans og/eða starfsmanna hans við framkvæmd starfa sinna getur hann komið erindi sínu á framfæri með því að senda tölvupóst á [info@fossar.is](mailto:info@fossar.is) eða símleiðis í síma 522 4000.
  - 17.1.2. Nánar er fjallað um meðferð kvartana og ábendinga í reglum Fossa um meðferð kvartana og ábendinga sem birtar eru á heimasíðu Fossa.
- 17.2. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.
  - 17.2.1. Viðskiptavinir geta beint kvörtunum til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki:

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki  
Guðrúnartúni 1  
105 Reykjavík  
Sími: 578-6500  
[fjarmal@nefndir.is](mailto:fjarmal@nefndir.is)
  - 17.2.2. Til að senda inn kvörtun til nefndarinnar þarf viðskiptavinur að fylla út sérstakt málskotseyðublað og greiða málskotsgjald. Ef kröfur viðskiptavinar eru teknar til



greina að hluta eða að öllu leyti fæst málskotsgjaldið endurgreitt. Málskotseyðublaðið má finna á vefsíðunni [www.nefndir.is](http://www.nefndir.is).

## 18. Gildistaka, lögsaga og breytingar

- 18.1. Fossum er heimilt að fella skilmála þessa úr gildi, bæta við þá eða breyta hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara þegar uppfærðir skilmálar eru birtir á heimasíðu Fossa ([www.fossar.is](http://www.fossar.is)). Haldi viðskiptavinur áfram viðskiptum við Fossa eða nýtir sér þjónustu bankans með einhverjum hætti eftir gildistöku slíkra breytinga telst viðskiptavinur hafa samþykkt breytingarnar. Viðskiptavinur samþykkir að allar breytingar á skilmálum bankans verði birtar á heimasíðu bankans, [www.fossar.is](http://www.fossar.is), nema samkvæmt lagaskyldu eða þegar um annað hefur verið samið. Sætti viðskiptavinur sig ekki við breytingu á skilmálum getur hann sagt upp viðskiptum sínum við bankann í samræmi við skilmála þessa.
- 18.2. Allar upplýsingar til viðskiptavina eru veittar á rafrænu formi. Almennir fjárfestar geta óskað sérstaklega eftir því að fá upplýsingar á pappírformi þeim að kostnaðarlausu.
- 18.3. Um skilmála þessa og viðskipti viðskiptavinar og bankans gilda íslensk lög, nema um annað sé sérstaklega samið.
- 18.4. Rísi mál vegna brota á eða ágreinings um þessa skilmála má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 18.5. Skilmálar þessir eru staðlaðir og verður ekki breytt af hálfu viðskiptavinar. Áritanir, útstrikanir, viðbætur eða annars konar breytingar sem viðskiptavinur gerir á þeim hafa ekki gildi gagnvart Fossum.